

Ed.

694. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ágústa Pétursdóttir, til heimilis í Reykjavík, fædd í Reykjavík 9. febr. 1915.
2. Börge Axel Jónsson, matsveinn, til heimilis í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn 12. okt. 1911.
3. Delphine María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. maí 1887.
4. Edmunda María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Póllandi 24. okt. 1896.
5. Flaviana María, abbadís, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 28. des. 1890.
6. Hals, Anders Ingebrigt Johan, útgerðarmaður, til heimilis í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi 5. okt. 1908.
7. Henriette María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. febr. 1905.
8. Lioba María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. júní 1903.
9. Karóla María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 21. júní 1901.
10. Klothilde María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 27. febr. 1898.
11. Petersen, Axel Jakob, bókarí, til heimilis í Reykjavík, fæddur í Danmörku 12. nóv. 1896.
12. Sætran, Þorsteinn Bertrand, rafvirki, til heimilis í Reykjavík, fæddur 26. okt. 1911.
13. Theodula María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 25. júlí 1887.
14. Timothea María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. sept. 1874.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt vegna núverandi styrjaldarástands, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.